

## **Viðmiðunarreglur varðandi snjómokstur í Hvalfjarðarsveit.**

Markmið með snjómokstri og hálkueyðingu er að minnka þau óþægindi sem snjór og ís veldur einstaklingum, fyrirtækjum og skólahaldi í sveitarfélaginu.

Snjómokstri og hálkueyðingu utan þéttbýlis er stjórnað af tveimur aðilum; Hvalfjarðarsveit og Vegagerðinni. Verktakar sem sinna snjómokstri skulu jafnframt geta sinnt hálkueyðingu sé þess óskað af verkkaupa.

### **Utan þéttbýlis**

#### Mokstur daglega - Vegagerðin

- Þjóðveg nr. 1
- Hvalfjarðarvegur nr. 47
- Akrafjallsvegur nr. 51  
Frá hringtorgi við Hvalfjarðargöng að hringvegi við Urriðaá.
- Innnesvegur nr. 503  
Frá Leynisbraut á Akranesi að Akrafjallsvegi nr. 51 við Reyn.
- Grundartangavegur nr. 506

#### Mokstur tvisvar í viku, sunnudaga og föstudaga - Vegagerðin

- Dragavegur nr. 520  
Frá Hvalfjarðarsveitarvegi nr. 47 að Geitabergi eða Grafardalsvegi ef þarf.

### **Eftirtaldir innansveitarvegir eru mokaðir í samstarfi við Vegagerðina**

#### Mokstur / hálkueyðing þrisvar í viku:

- Innra Hólmsvegur nr. 501  
Frá Innnesvegi við Miðgarð að Innra Hólmi.
- Hagamelsvegur nr. 5033  
Frá Þjóðvegi nr. 1 að Lækjarmel.
- Melasveitarvegur nr. 505
- Leirársveitarvegur nr. 504
- Svínadalsvegur nr. 502  
Frá Hvalfjarðarsveitarvegi að Dragavegi.
- Hlíðarbæjarvegur nr. 5014  
Frá Hvalfjarðarvegi nr. 47 að íbúagötu.
- Litlabotnsvegur nr. 5001  
Frá Hvalfjarðarvegi nr. 47 að bílastæði.

Þessir vegir eru skilgreindir þannig að heimilt er að beita helmingamokstursreglu og skiptist kostnaður því til helminga á Vegagerð og Hvalfjarðarsveit.

Verktakar Hvalfjarðarsveitar og Vegagerðar annast mokstur og hálkueyðingu á þessum vegum skv. nánara samkomulagi.

## **Akstursleiðir skólabíla**

Hvalfjarðarsveit greiðir fyrir snjómokstur og hálkueyðingu á akstursleiðum skólabíla skv. akstursplani þeirra. Verktakar sem annast snjómokstur á innansveitarvegum skulu jafnframt annast snjómokstur og hálkueyðingu á akstursleiðum skólabíla.

## **Héraðsvegir/tengivegir**

Allt að fjórum sinnum á almanaksári greiðir Hvalfjarðarsveit fyrir snjómokstur og hálkueyðingu að heimreiðum íbúðarhúsa í dreifbýli þar sem föst búseta er. Aðeins er um að ræða mokstur/hreinsun þannig að fært sé að bílaplani við íbúðarhús. Ekki er um að ræða mokstur eða hálkueyðingu á plönnum eða stéttum við útihús. Verktakar sem annast snjómokstur á viðkomandi svæði skulu einnig annast snjómokstur hálkueyðingu á heimreiðum innan þess svæðis og skal snjómokstur og hálkueyðing á heimreiðum aðeins fara fram á þeim dögum sem vegir eru mokaðir. Mokstur / hálkueyðing á tengivegum og héraðsvegum skal njóta forgangs umfram mokstur á heimreiðum. Ábúendur skulu panta mokstur / hálkueyðingu hjá tæknideild/byggingarfulltrúa með 1 sólarhrings fyrirvara þannig að hægt sé að samræma vinnu verktaka. Sé slíkt ekki gert er ekki hægt að tryggja snjómokstur / hálkueyðingu eins og óskað er eftir.

Íbúar eldri en 67 ára og örorkulífeyrisþegar (m.v. 75% örorku skv. skírteini útgefna af Tryggingastofnun) geta leitað til sveitarfélagsins um mokstur / hálkueyðingu á heimreiðum umfram fjögur skipti. Fyrir slíka þjónustu greiða eldri borgarar og örorkulífeyrisþegar 50% af taxta viðkomandi verktaka.

## **Þéttbýli / Annað**

Hvalfjarðarsveit sér um snjómokstur / hálkueyðingu í þéttbýli sem skilgreint er sem slíkt í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar, sem er Melahverfi og Krosslandshverfið. Að auki sér Hvalfjarðarsveit um mokstur / hálkueyðingu á götum sem sveitarfélagið er eigandi/leigjandi að, sem er Hlíðarbær, Skólastígur. Auk þess á Fellsendavegi frá Þjóðvegi 1 að Fellsenda. Sveitarfélagið sér einnig um snjómokstur / hálkueyðingu við leik- og grunnskóla sveitarfélagsins sem og við íþróttahús (Heiðarborg) og stjórnsýsluhús.

## **Almennt**

Hvalfjarðarsveit greiðir fyrir og skipuleggur mokstur / hálkueyðingu að stofnunum sveitarfélagsins, aðrar opinberar stofnanir geta óskað eftir mokstri / hálkueyðingu eftir því sem þörf er á, slík tilvik eru metin af byggingarfulltrúa hverju sinni. Hvalfjarðarsveit greiðir ekki kostnað vegna snjómoksturs / hálkueyðingar sem til hefur verið stofnað án hennar samþykkis að undanskildu, ef beiðni um mokstur / hálkueyðingu kemur frá lögreglu, slökkviliði, lækni eða sjúkraflutningsmönnum vegna neyðarflutninga, skal þá strax sinna því.

Tengiliðir eru yfirverkstjóri Vegagerðarinnar í Borgarnesi og byggingarfulltrúi Hvalfjarðarsveitar.

**Hafa ber í huga að reglur þessar eru viðmiðunarreglur og ber að líta á þær sem slíkar.**

**Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 15. desember 2015**